

# GJALDSKRÁ fyrir kattahald í Dalvíkurbyggð.

## 1. gr.

Við skráningu kattar skal greiða skráningargjald kr. 2.740,- Fyrstu 6 mánuði frá staðfestingu gjaldskrár þessarar er skráningin gjaldfrí.

## 2. gr.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna kattar kr. 5.475,- Gjaldið á að standa undir kostnaði vegna ormahreinsunar ef framvísað er staðfestingu á að ormahreinsun hafi verið framkvæmd lækkar gjaldið um 50%.

## 3. gr.

Af köttum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Dalvíkurbyggðar samkvæmt 12. gr. samþykktar um kattahald í Dalvíkurbyggð nr. 17/2013 skal greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald samkvæmt gjaldskrá þessari. Ef köttur er ekki örmerktur samkvæmt 8. gr. sömu samþykktar ber einnig að greiða þann kostnað gegn beiðni til dýralækna sem framkvæma slíkt.

## 4. gr.

Við afhendingu handsamaðar kattar ber að innheimta kr. 5.475,- vegna handsömunar og kr. 876,- fyrir hvern dag sem köttur er vistaður í kattageymslu fyrir fóður og vistun. Gjald fyrir örmerkingu kattar fer eftir gjaldskrá viðkomandi dýralæknis hverju sinni.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

## 6. gr

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við neysluvísitölu, grunnur 1988, september 2016 (438,5 stig) sem uppreiknast í september ár hvert miðað við gildandi neysluvísitölu.



DALVÍKURBYGGÐ

Samþykkt í landbúnaðarráði Dalvíkurbyggðar 20. september 2016

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 22. nóvember 2016

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2017.